

Fundur 6.2.2023 Mungó Kabó frá Keníu. Var uppi fyrir 300.000 árum.

Komið þið öll sælir.

Já, sæll.

Og gleður mig að komast í sambandið.

Sæll og velkominn.

Takk fyrir.

Tala ég úr mikilli stjörnusambandsstöð og hefur það lengi verið ætlun okkar að ná til ykkar og segja frá lífsreynslu okkar.

Ég heyrði af ykkur þegar sambönd komu frá þjóð þeirri sem verið hafði í suður Frakklandi og sagði frá okkur og er langt síðan við reyndum að skipta okkur af gangi allra þeirra hnatta sem glíma við þessi sömu vandamál og minnst ég þess þegar ég var á jörðinni að ég leiddi aldrei hugan að stjörnum og slíku nema í samhengi við tákni og fyrirbæri trúarbragðanna fornu.

En það breyttist og allt og er ég sérlega ánægður með það hvernig ýmsum mannlegum og félagslegum málum hefur þokað áleiðis í rétta átt á jörðinni ykkar og minnar gömlu og finnst mér að ástæða sé fyrir bjartsýni þótt að stöðugt séu verri öfl sem vinna á móti lífstefnunni.

Á langri ævi hef ég stundum lent í ógöngum og þurft að greiða af misgjörðum og röngum ákvörðunum og fara upp á við aftur og er ég fyrir löngu farinn að skilja það að ekki þýðir að áfella alla þá sem hafa gert á okkar hlut eða voru andstæðingar mínir í jarðlífi eða síðar og eru það svo margar ástæður sem liggja þar á bakvið að nauðsynlegt er að fyrirgefa.

Við vorum sköpuð fyrir löngu og hef ég séð afkomendur mína og minnar þjóðar skríða fram með mannhafinu í mörgum kynþáttum og þjóðarbrotum og hafa sumar dáið út og aðrar enn þá lifandi að einhverju leiti og stór grein þeirrar þjóðar enn í mínu heimalandi.

En hef ég nú farið aftur til minnar heiðnu trúar minnar forfeðra og þykir mér gaman að því að segja frá því í grófum dráttum hvernig aftur og aftur ég hef lent í vandræðum og hvað það hefur tekið mig langan tíma að komast á rétta braut aftur í hvert skipti.

Finnst ykkur það kannski langur tími, en það er engu að síður eins og bernskuskeið í fjarska sem maður minnst en kemur svo aftur þegar þjóðfélagsástandið var ekki gott og maður þurfti jafnvel að fara á hnetti með bundnum möndulsnúning og myrkur hlið, en komst upp úr því aftur.

Ég hef fylgst með minni þjóð reglulega og ég hef einnig fylgst með öðrum þjóðum á ykkar jörð eins og mér er unnt.

En ég vil gjarnan segja frá uppvexti mínum á gömlu jörðinni ykkar þar sem veit að það mun þykja ykkur fróðlegt og eins kringumstæðurnar í næsta framlífi og hvað varð um okkur.

Það má segja að jörðin hafi verið byggð mönnum áður en ég kom til jarðarinnar og hafi forfeður ykkar komið með menn sem voru ljósir á hörund til Afríku en áttu þeir eftir að hverfa og deyja út.

Vorum við mjög ung að árum og ekki man ég eftir ferðalaginu en Guði okkar höfum við aftur farið að tigna og hefur það verið okkur til mikilla blessunar en gerðu sumir þeirra samband við Guð þann er þið nefnið Jahve og átti hann að koma af stað breytingum í apasamfélagi og gerði tilraunir.

Og við vorum ung að árum þegar við komum til jarðarinnar og áttum afkvæmi. Seinni kynslóðir okkar fólks átti afkvæmi með hávöxnum afkvæmum ykkar Guða sumra, það voru ýmsar tegundir og var okkur refsað fyrir þetta og sagt að það væri synd.

Það urðu mikil átök og ofbeldi á jörðinni og átti ég framlíf á myrkuðum hnöttum um langt skeið eftir þetta og féll niður í þroska og gleymdi því sem ég hafði áður vitað og upplifað og tók það mig langan tíma að komast á lífstefnu brautina aftur.

Og voru það þó samfélög þar sem Keisarar og Drottningar voru enn valdir en höfðu þeir mannúðlega speki einnig að leiðarljósi og fórum við þannig smá saman á lífstefnu brautina aftur og var okkur gefin staða þar sem tækniframfarir voru miklar og mikluðust við af þeirri tækni og var okkur talin trú um að við ættum að drottna yfir hnettinum.

Og sköpuðum við okkur óvild með því að ofsækja aðra kynþætti eins og ykkar kynþátt og asiúmenn og aðra sem dóu út á þeim frumlífs jörðum.

En átti það eftir að koma okkur illa í framlífi og sköpuðust af því miklar styrjaldir í framlífi sem aftur leiddi til framþróunar á myrkur hnöttum þar sem ástandið var slæmt.

Og gerðist það nokkrum sinnum að ég missti sambandið við mitt fólk og mínar rætur og þurfti að endurskoða afstöðu mína og komst ég að lokum á framfarabrautina og hef verið lengi hér og erum við í samfloti með ýmsum verum nú sem komust yfir ýmsa þröskulda sem ég áður minntist á, hafa komist yfir ýmsa þröskulda og hafa bundist samtökum um að fara ekki til baka í allskyns ólífnað og helstefnu líferniss sem ég minntist á, heldur fylgja meginreglum mikilla samtaka.

Og get ég ekki farið mikið nánar út í þetta að sinni en ég ætla að kynna mig og reyna að koma síðar.

Er ég Keníumaður var uppi fyrir þrjú hundruð þúsund árum upphaflega Mungó Kabó.

*Þá hefur þú getað séð Neanderdalsmanninn?*

Ja, ekki beint, þeir voru ekki alveg þar.

*Nei.*

Reynum við að koma síðar, þökkum við fyrir verið þið sælir.

*Þökkum við fyrir fróðleikinn.*

Já.

*Takk fyrir vertu blessaður..*